

## Hverfisráð Miðborgar

Ár 2017, fimmtudaginn 27. apríl, var haldinn 136. fundur hverfisráðs Miðborgar. Fundurinn var haldinn á Laugavegi 77 og hófst kl. 11.30. Viðstödd voru: Svafar Helgason ( P) sem stýrði fundi, Elsa Hrafnhildur Yeoman (BF), Sindri Snær Einarsson (S), Kári Sölmundarson (D), Áslaug Friðriksdóttir og Gréta Björg Egilsdóttir áheyrnarfulltrúi (F og F). Einnig sat fundinn Birgitta Hassenstein áheyrnarfulltrúi frá Íbúasamtökum Miðborgar, Sigprúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem jafnframt ritaði fundargerðina.

### Þetta gerðist

1. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 31. mars 2017, vegna Austurstrætis 17.
2. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 31. mars 2017, vegna Kárástígs 3.
3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 31. mars 2017, vegna Sæbrautar.
4. Lagt fram bréf mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 27. febrúar 2017, um samráð og samstarf öldungaráðs Reykjavíkurborgar við hverfaráð.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun.

Hverfisráð fagnar áhuga öldungaráðs Reykjavíkur um að vilja koma og sitja fundi ráðsins og býður þeim að hafa áheyrnarfulltrúa.

5. Fram fer umræða um gönguljós við Vitatorg vegna umræðu frá fyrri fundi með íbúum á Vitatorgi.  
Framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar vesturbæjar Miðborgar og Hlíða falið að senda inn erindi til umhverfis- og skipulagssviðs þar sem óskað er eftir gönguljósum við Vitatorg ásamt úttekt og greiningu vegna breyttrar umferðarmenningar og umferðarpunga um Hverfisgötu.
6. Lagðar fram umsóknir vegna styrkja Hverfisráðs Miðborgar.
7. Lagðar fram umsóknir vegna Forvarnarsjóðs Reykjavíkurborgar.

### Fundi slitið kl. 12.41

Svafar Helgason

Elsa Hrafnhildur Yeoman  
Sindri Snær Einarsson

Áslaug Friðriksdóttir  
Kári Sölmundarson